

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



Reykjavík 29. febrúar 2016
UST201601-228/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lyngás Rangárþingi ytra, tillaga að breytingu á deiliskipulagi íbúðarlóða.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 28. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á svæði fyrir íbúðarlóðir og grænt svæði að Lyngási í Rangárþingi ytra.

Skipulagssvæði

Svæðið sem breytingartillagan nær til er sunnan Suðurlandsvegar rétt vestan við Helli og Rangá ytri. Svæðið er skilgreint sem 10 ha íbúðarsvæði þar sem þegar eru nokkur íbúðarhús.

Breytingartillaga

Breytingartillagan felst í því að óbyggt opið svæði sem liggur næst Suðurlandsvegi er breytt í 2 íbúðarlóðir. Einnig felst í breytingunni að bæta verður hljóðvist næst Suðurlandsvegi með uppbyggingu hljóðmana og hljóðvistarveggja.

Undanþágur frá kvöðum um veghelgunarsvæði

Fram kemur í greinargerð breytingartillögunnar að sótt hefur verið um að reisa hús nær Suðurlandsvegi en vegalög segja til um. Ekki kemur fram hver fjarlægð byggingarreita lóða 14 og 13 koma til með að verða frá Suðurlandsvegi. Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að gera ráð fyrir framkvæmdum nær þjóðvegi 1 en vegalög gera ráð fyrir, nema um aðlögun eldri framkvæmda að nýbyggðum vegi sé að ræða. Umhverfisstofnun bendir á að hljóðmanir og hljóðvistarveggir hafa neikvæð sjónræn áhrif og ætti ekki að gera ráð fyrir slíkum ráðstöfunum nema nauðsyn beri til og ætíð ætti að gera ráð fyrir nýbyggingum þannig að slíkra úrræða sé ekki þörf.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Sérfræðingur